

31. maí 2006
5. tbl.—árg. 3

Kerhraunsfréttir

Staða girðingarmála



Staða girðingarmálsins er í stuttu máli sú að stjórnin fór þess á leit við Sýslumanninn á Selfossi að hann tilnefni 3 matsmenn (þeirra er getið í girðingarlögunum) til að skera úr um lögmæti girðingarstæðisins í Kerhrauni.

Nú er komið í ljós að matsnefndin getur ekki komið saman fyrr en undir lok júní. Það er því ljóst að ekkert mun gerast í girðingarmálunum næstu vikurnar nema að landeigendur í Kerhrauni taki sig saman.

Og það er einmitt það sem við ætlum að gera. Rollurnar seinka ekki för sinni þrátt fyrir að matsnefndin geti ekki komið strax saman. Það er því afar brýnt að landeigendur í Kerhrauni komi saman einn dag og ráðist í lagfæringar á girðingunni.

Stjórnin hefur ákveðið að koma saman í Kerhrauni næsta sunnudag, 4. júní, og vilja stjórnarmeðlimir hvetja alla til að mæta. Margar hendur vinna létt verk. Mætum öll og tökum þátt í því saman að verja plönturnar okkar.

Sendið póst á gudrunmn@simnet.is ef þið viljið hjálpa til.

GPS mælingar



Verkfræðistofa Suðurlands hefur lokið GPS mælingar í Kerhrauninu.

Í framhaldi af því verður haft samband við þá aðila sem vildu þessa mælingu varðandi útkomuna og einnig kostnaðinn.

Trjákaup



Lokið er við að selja 370 af 500 plöntum.

Nú leitum við aðstoðar þeirra sem **EKKI** hafa keypt plöntur og biðjum þá að láta hugann líða og sjá fyrir sér Kerhraunið 2020 þar sem birkiskógurinn er alls ráðandi og sum okkar sem hafa keypt plöntur erum löngu hætt að sjá nágrannanna.



Kærar kveðjur, Niðursetningakonurnar